



SEYÐISFJARÐARSKÓLI

- Í hverju barni býr fjársjóður -

Ársskýrsla leikskóladeildar

Upplýsingar um leikskólastarf
Skólaárið 2016-2017

Svandís Egilsdóttir
Ásta Guðrún Birgisdóttir

Leikskóladeild Seyðisfjarðarskóla, Garðarsvegur 1,
710 Sevðisfiörður.

**Efnisyfirlit**

1	Almennar upplýsingar.....	3
1.1	Gerð leikskóla, húsnæði, útileiksvæði	3
2	Lög um leikskóla.....	3
3	Aðalnámsskrá leikskóla.....	4
4	Stefna og uppeldislegar áherslur	4
4.1	Skipulag leikskóladagsins árið 2016.....	4
4.2	Starfsmannastefna	5
4.3	Stefna vegna foreldrasamstarfs	5
4.4	Matsaðferðir	6
	Mat og skráningar á líðan og þroska nemenda	6
	Umsögn frá leikskóladeild, upplýsingar til grunnskóladeildar	6
	Mat starfsmanna á framkvæmd starfsins og líðan í starfi	7
	Mat foreldra á leikskólastarfinu	7
5	Leikskólastarfið - Framkvæmd ársáætlunar.....	8
5.2	Próunarstarf.....	8
	Heilsueflandi leikskóli	8
	Mótun læsis- og stærðfræðistefnu.....	8
	Mótun agastefnu.....	8
	Styrkir og endurnýjun búnaðar	8
	Umhverfisvernd og sjálfbærni	8
	Stefna um útlán kennslutækja	9
5.3	Daglegt starf nýbreytni	9
	Nýbreytni í daglegu starfi	9
	Sérkennsla	10
	Aðlögun/innritun, flutningur milli deilda, útskrift elstu barna	11
5.4	Börn.....	11
	Fjöldi barna - samsetning hópsins.....	11
	Tilvísanir um greininar	12
5.5	Starfsmenn	13
	Samstarf	13
	Yfirlit yfir störf og stöðugildi	13
	Fundir 14	
	Skipulagsdagar	14
	Endur og símenntunaráætlun	14
5.6	Foreldrasamstarf	15
	Foreldrafundur og foreldrasamtöl	15
	Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu	15
	Fréttabréf og heimasíða.....	15
	Foreldrafélag	15
	Foreldraráð.....	16
5.7	Samstarf – ráðgjöf.....	16
	Samstarf innan Seyðisfjarðarskóla.....	16
	Samstarf við aðra	16
	Ráðgjöf og samstarf við sérfræðinga	17
6	Lokaorð.....	17
	Fylgiskjal 1 - Dagskipulag leikskóladeildar 2016-2017.....	1
	Fylgiskjal 2 - Endurmenntun á skólaárinu 2016-2017.....	1



1. Almennar upplýsingar

Leikskólinn Sólvellir var tekinn í notkun árið 1974. Húsið var byggt sem fyrsti áfangi að þriggja deilda leikskóla og hægt að byggja við það frá báðum hliðum eftir þörfum. Húsið hönnuðu þeir Ásmundur Jóhannsson, Jón Kaldal og Jón Róbert Karlsson, teiknistofunni Staðli. Þegar leikskólinn var opnaður var hann ekki fullgerður, en lóðin hins vegar tilbúin og fullgerð. Lóðina hannaði Reynir Vilhjálmsson landslagsarkitekt. Efnt var til samkeppni um nafn á leikskólann og varð nafnið Sólvellir fyrir valinu.

Í upphafi var leikskólinn rekinn af kvenfélagi Seyðisfjarðar og bæjarsjóði. Verkskiptingin var þannig að bæjarsjóður byggði húsið og sá um laun starfsmanna. Kvenfélagið hins vegar réði starfsfólk og útbjó leikföng á vinnufundum sem haldnir voru viku eða hálfsmánaðarlega. Einnig voru farnar ýmsar fjáröflunarleiðir til þess að afla fjár til leikfangakaupa. Þessi rekstrarháttur var líklega hafður á til ársins 1980 en þá yfirtók bæjarsjóður alfarið rekstur leikskólans.

1.1 Gerð leikskóla, húsnæði, útileiksvæði

Skólinn var upphaflega byggður sem tveggja deilda leikskóli með möguleika á stækkun síðar meir. Í byrjun 21.aldar var bætt við stjórnunarálmu. Eldhús, skrifstofa, sérkennsluherbergi, undirbúningsherbergi og kaffistofa starfsmanna fluttist úr gamla húsinu í stjórnunarálmuna. Viðbyggingin er fullir 130m² til viðbótar við tæpa 307,8m² sem fyrir voru; samtals er því grunnflötur skólans um 438m². Útileiksvæðið er um 1179m². Með viðbyggingunni skapaðist rými fyrir þriðju deildina, ungbarnadeild fyrir 12 – 24 mánaða gömul börn. Barnafjöldi á þeim tíma var þá um og yfir 40 börn.

Árið 2008 var byggt við húsið en fram að því voru tvær deildir reknar í því. Byggð var svokölluð starfsmannabygging þar sem aðstaða starfsmanna leikskólans var verulega bætt. Í kjölfarið var hægt að opna þriðju deildina í gömlu byggingunni. Næstu árin voru ýmist reknar tvær til þrjár deildir en í dag eru reknar þrjár deildir. Álfhóll, deild 1-2 ára barna, Dvergasteinn deild 2-3 ára barna og Vinaminni deild 4-5 ára barna. Auk þess er rúmgóð listastofa, Skafffell og ágætis leikherbergi, Ós. Starfsmannaaðstaða er góð með undirbúningsherbergi leikskólakennara, móttökueldhúsi, kaffistofu, skrifstofu aðstoðarleikskólastjóra og sérkennsluherbergi.

Haustið 2016 voru leik-, grunn- og tónlistaskóli Seyðisfjarðar sameinaðir sem nýr Seyðisfjarðarskóli. Frá haustinu 2016 heitir leikskólinn Sólvellir því Leikskóladeild Seyðisfjarðarskóla, en húsið kallað Sólvellir dags daglega áfram. Unnið er eftir nýrri skólastefnu Seyðisfjarðarkaupstaðar og áhersluatriði næstu ára er sameining skólastofnananna og aðlögun stefnu leikskóladeildar að nýrri skólastefnu sveitarfélagsins.

2 Lög um leikskóla

Leikskóladeild Seyðisfjarðarskóla starfar samkvæmt lögum um leikskóla no. 90/2008. Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er fyrir börn að skólaskyldualdri. Leikskóli annast að ósk foreldra uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri í samræmi við lög þessi. Foreldrar, samkvæmt lögum þessum, teljast þeir sem fara með forsjá barns í skilningi



barnalaga. Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði í samræmi við aðalnámskrá. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir í leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sjálfbærni, sköpun og virðingu.

3 Aðalnámskrá leikskóla

Aðalnámskrá leikskóla var endurskoðuð og endurútgefin árið 2011 og ber leikskólum að starfa samkvæmt henni. Hver leikskóli gerir sér skólanámskrá fyrir sinn leikskóla og mótar sér stefnu sem allt starfsfólk vinnur eftir, í leikskóladeild Seyðisfjarðarskóla mótast starfið einnig af áherslum kaupstaðarins. Aðalnámskrá leikskóla er sett af menntamálaráðherra með sama hætti og reglugerðir og skulu leikskólakennarar og rekstraraðilar taka mið af henni. Hún lýsir sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um allt leikskólastarf. Náms svið leikskóla eru: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. Náms sviðin skarast og eru samofin undirstöðupáttum leikskólastarfs, leik, daglegri umönnun og almennri lífsleikni.

4 Stefna og uppeldislegar áherslur

Árið 2016 tók gildi ný skólastefna Seyðisfjarðarkaupstaðar og starfar Seyðisfjarðarskóli eftir henni. Lögð er áhersla á skapandi skólastarf, sjálfbærni og lýðræði innan stefnunnar og eru það þ.a.l. áhersluatriði alls leikskólastarfsins

Á leikskólaaldrinum eru börnin á miklu mótunarskeiði og leikskólaárin eru tími mikilvægs náms og þroska. Starfshættir leikskóladeildar Seyðisfjarðarskóla stuðla að því að börn læri að bera virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki, þrói með sér samkennd, tillitssemi og vináttu. Útikennsla og útinám er mikilvægur þáttur í starfi leikskóladeildarinnar. Með því er verið að efla virðingu barna fyrir náttúru og umhverfi. Umhverfisvernd er stór hluti af almennu starfi. Skapandi hugsun er rauður þráður í gengum allt skólastarfið og börnin fá tækifæri til að fást við fjölbreytt verkefni sem bjóða upp á margar lausnir sem hvetja til rannsókna og ígrundunar. Hvatt er til gagnrýnninnar hugsunar og börnum gefið færi á að virkja sköpunarkraft sinn. Þau eru hvött til að túlka og tjá sig á fjölbreyttan hátt, m.a. í gegnum leik, hreyfingu, myndmál, tónlist, tungumál, tölur og tákni.

Einkunnarorð Seyðisfjarðarskóla eru: „Í hverjum nemanda býr fjársjóður“

4.1 Skipulag leikskóladagsins árið 2016

Dagskipulag skólans er í fylgiskjali 1. Áhersla var lögð á samverustundir á öllum deildum og voru þær 1-2 á ári. Passar ekki, eru daglega á öllum deildum. Þar eru viðfangsefni margþætt s.s. söngur, leikir, umræður og lestur. Öll börn fóru í hópastarf tvisar sinnum í viku yfir vetrartímam. Viðfangsefni hópastarfsins eru mismunandi eftir aldri og þroska viðkomandi barna.



Í móttöku á morgnana evar boðið upp á rólega stund og gjarnan verið með verkefni við borð, það sama gildir um eftirmiðdaginn rétt fyrir lokun.

Útivist er stór þáttur í leikskólastarfinu, lagt er upp með að farið sé út 1-2einu sinni til tvisvar sinnum á hverjum degi. Eldri börn leikskólans hafa mikið notað útikennslustofuna við Dagmálalæk á þessu skólaári en öll börn á Vinaminni fóru fjórum sinnum þangað í vetur.

Eftir hádegisverðinn eru yngstu börnin lögð til svefns eða hvíldar, leitast er við að skapa rólega stund þar sem börnin geta notið slökunar og hvíldar. Þau eldri fara í hópstundir þar sem þeim er skipt í minni hópa og ýmist lesið eða unnin mál- og lestrarörvandi verkefni. Eftir hádegi er útivera á mið- og eldri barna deildum. Dagurinn endar ýmist í frjálsum leik eða vali.

4.2 Starfsmannastefna

Leikskóladeildin hefur starfað síðustu ár eftir eigin starfsmannastefnu sem byggð er á Starfsmannastefnu Seyðisfjarðarkaupstaðar en í vor tók gildi ný starfamannastefna og hafa starfsmenn kynnt sér hana.

Nýir starfsmenn kynna sér starfsmannahandbók Sólvalla og aðstoðarleikskólastjóri fer yfir móttökuáætlun, fylgir henni eftir og síðan tekur deildastjóri viðkomandi deildar við móttökuáætluninni. Fyrstu kynni af nýjum vinnustað skipta höfuðmáli og því er mikilvægt að allir starfsmenn leikskólans leggi sig fram um að taka vel á móti nýjum starfsmanni.

Stefna vegna fjarvista starfsfólks

Veturinn 2016-2017 var mótuð stefna vegna fjarvista starfsfólks í Seyðisfjarðarskóla og unnið er eftir henni þegar þörf er á.

4.3 Stefna vegna foreldrasamstarfs

Foreldrasamstarf er lykilþáttur í leikskólastarfinu. Allir foreldrar eru sérfræðingar í sínu barni og því er mjög mikilvægt að jákvæð og upplýsandi samskipti séu til staðar í leikskólanum.

Markmið foreldrasamstarfsins eru fyrst og fremst:

- að auka upplýsingastreymi milli heimilis og leikskóla
- að skapa traust á milli foreldra og starfsmanna.
- að hafa velferð barnsins að leiðarljósi.
- að foreldrar fái að fylgjast með starfi leikskólans.

Dagleg samskipti þegar börnin koma í skólann eða þegar þau eru sótt eru mikilvægur þáttur í foreldrasamstafinu. Í fatalefa hússins eru upplýsingatöflur fyrir hverja og eina deild. Þar geta foreldrar nálgast upplýsingar, t.d. hvernig matarlyst og svefn barnsins var þennan dag sem og viðfangsefni þess. Upplýsingarnar eru mismunandi eftir aldri og þroska barnsins og nánari upplýsingar er hægt að nálgast hjá starfsmanni.

Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári þar sem kennari hittir foreldra þar sem þroski og líðan barnsins er rædd. Leikskólinn leggur áherslu á að fá gesti í heimsókn. Boðið var í heimsókn á Degi íslenskrar tungu, foreldrakaffi, ömmu- og afakaffi, Sólvallahátíð og við útskrift elstu barnanna var foreldrum þeirra barna boðið til sérstakrar útskriftarhátíðar.



Í byrjun aðventu er gefið út fréttabréf með upplýsingum um viðburði í desember og er foreldrum boðið í piparkökumálun fyrir jólin. Í vetur var ákveðið að breyta skipulagi jólaballsins en prófað var að hafa litlu jólin lokað fyrir gesti vegna plássleysis í húsnæðinu.

Ávallt er leitast við að gera leikskólastarfið sýnilegt. Fréttir á heimasíðu er mikilvægur þáttur í því sem og daglegar myndir af leikskólafarfinu á facebook síðu leikskóladeildarinnar. Deildarstjórar senda upplýsingar í tölvupóstum til foreldra með reglulegu millibili.

4.4 Matsaðferðir

Mat og skráningar á líðan og þroska nemenda

Ýmsar aðferðir eru til að meta bæði leikskólastarfið og framfarir og þroska barnanna.

- *EFI -2*. Öll börn á fjórða aldursári eru skimuð með EFI-2 prófinu sem metur málskilning og máltjáningu. Niðurstöður eru sendar til Skólaskrifstofu Austurlands og liður í bættum námsárangri á Austurlandi. Ef niðurstöður eru undir meðallagi er málinu vísað til athugunar hjá talmeinafræðingi og ráðstafanir gerðar í kjölfarið.
- *Hljóm-2*: Öll fimm ára börn eru skimuð með Hljóm-2 sem er athugun á hljóðkerfisvitund barna. Niðurstöður skimunar gefa vísbendingar um gengi barna til lestrarkennslu. Skimunin er tekin í byrjun vetrar og endurtekin að vori eftir niðurstöðum. Niðurstöður eru sendar til Skólaskrifstofu Austurlands og er liður í bættum námsárangri á Austurlandi. *TRAS skráning* á málþroska 2-5 ára barna er framkvæmd einu sinni til tvisará ári fyrir hvert barn. TRAS er skráningaraðferð fyrir leikskólakennara til að fylgjast með málhegðun og málþróun tveggja til fimm ára barna.
- *Þroskalýsingar*: Leikskólakennarar fylla út almenna þroskalýsingu fyrir öll börn í leikskóladeildinni einu sinni til tvisvar á ári, október og maí. Í kjölfar þess eru foreldrar boðaðir í viðtal þar sem kynntar eru niðurstöðurnar.
- *Könnun á líðan barna og félagstengslum*: Í vor var framkvæmt félagamat á tveim elstu árgöngum leikskóladeildarinnar. Þá eru börnin spurð út í líðan í leikskólanum og staða þeirra innan barnahópsins könnuð. Könnunin gaf góðar vísbendingar um líðan nemenda, stöðu þeirra í hópnum og hjálpaði mikið við skipulagningu á leikskólafarfinu. Könnunin sýndi fram á að áframhaldandi athuganir eru nauðsynlegar og verða þær unnar áfram næsta vetur.

Ef þörf er á nánari athugun vegna gruns um þroskafrávik eru notuð stöðluð próf, Íslenski þroskalistinn og Smábarnalistinn. Þessir tveir listar meta þroska barnsins nánar og skiptast þeir í mál- og hreyfiþátt og fundin út þroskatala barnsins. Móðir barnsins fyllir listann út og leikskólakennari reiknar út niðurstöður. Ef þörf er á nánari athugun eru gerðar viðeigandi ráðstafanir, t.d. sótt um nánari greiningu hjá Skólaskrifstofu Austurlands í samráði við foreldra og sérkennara.

Í vetur var tekin upp nýtt þroskamat fyrir yngsta árgang leikskólans sem fylgir börnum út leikskólagönguna.

Umsögn frá leikskóladeild, upplýsingar til grunnskóladeildar

- Niðurstöður úr Hljóm-2
- Niðurstöður greininga fagaðila, s.s talmeinafræðings og sálfræðings
- Umsögn um hvert og eitt barn



Farið er yfir umsögnina með verðandi umsjónarkennara 6 ára barna og gögn um þroska og líðan barnsins. Þau gögn sem máli skifta fyrir skólagönguna færast yfir í grunnskóladeild.

Mat starfsmanna á framkvæmd starfsins og líðan í starfi

Starfsfólk leikskóladeildar tók þátt í starfsmannakönnun á vegum Skólapúlsins í feb. 2017. Könnun Skólapúlsins leiðir mjög glögglega í ljós að starfsmenn leikskóladeildar hafa verið undir miklu álagi í vetur. Starfsmannavelta hefur verið mikil og veikindi hjá starfsmönnum tíð. Að mati vantar nokkuð upp á að upplýsingagjöf um störf til nýrra starfsmanna séu næg og er nokkuð margt sem vinnur á móti okkur í þeim efnum. Meðal annars að ekki hefur gefist ráðrúm til að setjast yfir hvað ný skólastefna og sameining snertir skólastefnu leikskóladeildarinnar. Ef tekst að manna í aukin stöðugildi frá og með hausti og starfslið verður stöðugthvað veikindi snertir á að gefast ráðrúm til að sinna betur innra skipulagsstarfi og stefnumótandi vinnu. Nánar má finna niðurstöður skólapúlsins á sameiginlegri heimsíðu Seyðisfjarðarskóla (frá 2017).

Innra mat fór einning fram á starfsmanna- og deildastjórafundum innan leikskóladeildarinnar. Þar var t.d. skipulag húsnæðis, hópastarf, jólastarfið, Sólvallahátíð, útskrift og útskriftaferð elstu barnanna metin. Endurmatið verður nýtt til endurbóta á þessum þáttum á næsta skólaári.

Í mars fóru fram starfsmannasamtöl við leikskólustjóra og aðstoðarleikskólustjóra. Samtölin eru nýtt til starfsþróunar og endurmats.

Mat foreldra á leikskólastarfinu

Foreldrar nemenda leikskóladeildar tóku þátt í könnun á vegum skólapúlsins í mars 2017. Niðurstöður gefa til kynna að margt jákvætt er í gangi í leikskóladeild Seyðisfjarðarskóla en að efla þarf innra starf og faglegt starf. Greinilegt er að foreldrar eru varkárir að gefa leikskóladeild mjög góða einkunn hvað dagleg störf kennara, námsumhverfi og félagsleg samskipti barnanna snertir. Er það skiljanlegt að mati stjórnenda miðað við umræður vetrarins um manneklu og í ljósi sögu skólans. Agamál barnanna á deildum hafa verið í brennidepli í vetur og umræðan um agamál mikil vegna stöðunnar sem uppi var sl. haust (2016). Mikilvægt er að starfsfólk vinni markvisst og umbótamiðað með þætti sem snerta innra starf, agamál og stefnumótun á næsta skólaári með umbótamiðuðum hætti líkt og stefnt er að. Einnig er líklegt að skortur sé á upplýsingagjöf um þær úrbætur sem farið hefur verið í til foreldra og hugsanlega getur verið að traust til skólans hafi boðið hnekki á undanförunum árum. Tíma tekur að hlúa að skólasamfélagi þar sem deilur hafa verið áberandi, milli foreldra og starfsfólks og í starfsmannahópi. Vinna þarf á vanda í sambandi við manneklu í leikskóladeild til þess að undirbúningur og upplýsingagjöf til foreldra séu ekki þættir sem falla niður í starfi leikskólakennaranna. Nánar má sjá niðurstöður foreldrakönnun skólapúlsins á heimsíðu Seyðisfjarðarskóla.



5 Leikskólastarfið - Framkvæmd ársáætlunar

5.2 Próunarstarf

Heilsueflandi leikskóli

Leikskóladeildin varð formlegur þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi leikskóli í desember 2016. Landlæknisembættið hefur umsjón með verkefninu en það miðar að því að efla vitund og áhuga nemenda og starfsfólks á heilsueflingu. Í heilsueflandi grunn- og leikskóla sem og í listadeild getum við með fræðslu og ákveðnum vinnubrögðum bætt heilsu og líðan nemenda sem hefur jákvæð áhrif á námsárangur þeirra. Í vetur voru tekin fyrstu skrefin í geðrækt barna og starfsfólks en haldið áfram verður með þá vinnu næsta vetur.

Mótun læsis- og stærðfræðistefnu

Hafist var handa við mótun læsis- og stærðfræðistefnu fyrir leikskóladeildina og samræmingu á læsisstefnu leik- og grunnskóladeildar. Á sameiginlegum skipulagsdegi voru fyrstu skrefin tekin og haldið verður áfram með þá vinnu á næstu árum.

Mótun agastefnu

Hafist var handa við undirbúning uppeldis- og agastefnu Seyðisfjarðarskóla í upphaf vetrar. Tveir starfsmenn skólans tóku verkefnið að sér og könnuðu möguleikana sem í boði eru. Afrakstur vinnunnar var kynntur á starfsdegi 1. maí s.l. Margir spennandi möguleikar eru í boði og heldur sú vinna áfram næsta vetur þar sem stefnan verður unnin nánar innan starfsmannahóps Seyðisfjarðarskóla.

Styrkir og endurnýjun búnaðar

Árið 2016 styrkti Lions leikskóladeildina um 110.000 kr. Fyrir styrkinn var keyptur Ipad og kennslufnið Leikum og lærum með hljóðin til málörvunar. Foreldrafélag Sólvallda gaf leikskóladeildinni málörvunarnámsefnið Lubbi finnur málbeinið, 6 barnakerrur fyrir yngstu börnin, heimsókn frá Skoppu og Skrítlu, hoppukastala á Sólvallahátíðina svo eitthvað sé nefnt. Foreldrafélagið skipulagði heimsókn í Norrænu fyrir nemendur leikskóladeildarinnar. Daníel Jakob Níelsson gaf leikskóladeildinni veglega borðtölvu fyrir kennara til afnota. Hjalti Þór Bergsson og Ferðapjónusta Austurlands keyrði nemendur tvisvar sinnum upp á Hérað, annars vegar á leikssýningu að hausti og hins vegar í Útskriftarferð elstu barna í júní.

Í upphafi skólaárs var girðing í kringum lóð leikskóladeildarinnar endurnýjuð að hluta og bygging í kringum sandkassa rifin. Gangur á milli deilda var endurskipulagður og körfur undir leikföng endurnýjaðar. Keyptir voru þrjú stk. I-pad, einn á hverja deild fyrir kennara. Gólfmottum var fjölgað á deildum til að gefa hlýja tilfinningu og bæta hljóðvist. Haldið verður áfram með bætt hljóðvist fyrir skólaárið 2017-2018. Veggir málaðir að hluta til á deildum í vetrarfrí leikskóladeildarinnar og byrjað að setja upp skilrúm með hurðum á salerni nemenda, Endurnýjun búnaðar s.s. kennslugagna, bóka, spila er hafin sem og endurnýjun starfsmannastóla á deildum.

Umhverfisvernd og sjálfbærni

Veturinn 2016-2017 var lögð áhersla á umhverfisvernd innan leikskóladeildarinnar. Notkun sápuafna var hætt við almenn þrif og byrjað að nota Enjo, umhverfisvænar hreinsivörur. Hætt var að nota pappírshandþurrkur á salernum nemenda og í stað þeirra komu lítil handklæði fyrir



hvert og eitt barn sem skipt er út í lok dagsins. Stefnt er að því að öll notkun pappírþurrka á deildum verði hætt en deildir hafa afnot af bæði þurrum og blautum klútum. Starfsfólk er hvatt til að nota handklæði, viskustykki og fjölnota tuskur í stað pappírþurrka.

Eldri börnin á Vinaminni halda úti endurvinnslustöð þar sem þau koma með og flokka rusl sem fellur frá heima fyrir og í leikskólasterfinu. Endurvinnslustöðin er nýtt í skapandi starf og leik. Allar deildir flokka rusl og setja í grænu tunnuna og móttökueldhús flokka rusl í grænu tunnuna sem og brúnu tunnuna. Foreldrar koma með taupoka að heiman fyrir hól barnsins síns. Taupokarnir eru notaðir fyrir óhrein föt og fleira sem þarf að taka með heim og því er starfsfólk leikskóladeildarinnar hætt að senda heim plastpoka. Sjálfboðaliðar gáfu leikskóladeildinni heimasamaða taupoka til afnota, hluti af þeim var gjöf til útskriftabarna leikskóladeildarinnar og aðrir nýttir fyrir innkaup og fleira fyrir leikskóladeildina. Þessi vinna var hluti af verkefninu Plastpokalaus bær.

Stefna um útlán kennslutækja

Mótuð var stefna vegna útlána kennslutækja innan og utan Seyðisfjarðarskóla. Stjórnendur og starfsfólk teljamikinn ávinning af því að geta skipst á kennslugögnum og –tækjum. Það bætir faglegt starf en sparar í einhverjum tilfellum útgjöld.

5.3 Daglegt starf nýbreytni

Nýbreytni í daglegu starfi

Haustið 2016 tóku Vinaminnisbörn þátt í verkefninu List án Landamæra og eða Plastfljótinu. Þar unnu þau með einnota plastumbúðir þar sem þau bjuggu til ýmsi sjávardýr og –verur, faratæki og fleira fyrir Plastfljótið. Sýning var haldin í Gömlu bókabúðinni í samstarfi við List án landamæra og Daga Myrkurs á Austurlandi og í Gunnarsstofu í Fljótsdal. Verkefnið var unnið í samstarfi við listakonuna Ólöfu Björk Bragadóttur.

Í samræmi við Skólastefnu Seyðisfjarðarkaupstaðar, heilsueflandi leikskóla og almennan vilja foreldra og starfsmanna voru teknir upp nýjir siðir í afmælishaldi barnanna. Afmælisbarnið fær að venju kórónu og skikkju til afnota, síðan fær það að hafa sérstakan afmælisdisk og –glas í nónhressingu, en það hefur verið vinsælt meðal barnanna. Barnahópurinn syngur afmælisönginn fyrir barnið og fáni settur á borðin. Starfsmaður í eldhúsi útbýr afmælisávexti í tilefni dagsins. Þau sem eldri eru fara í leiki í samverustund að nónhressingu lokinni.

Mikil áhersla hefur verið lögð á hvetjandi lestrarumhverfi í vetur og bókstafir og tölur stór þáttur í námsumhverfi barnanna. Foreldrafélagið gaf t.a.m. Sólvöllum námsefnið Lubbi finnur málbeinið og hafa Dvergasteinn og Álfhóll notað veturinn til að þróa vinnu með námsefnið á deildunum. Því starfi verður haldið áfram næsta vetur sem og þróað yfir á elstu deild. Útbúinn var Stafakrókur á Vinaminni í vetur þar sem ýmis verkefni og leikir tengdir lestri og stöfum eru aðgengileg í vali og frjálsum leiks barnanna.

Tekin var upp ný hefð í desember, en ákveðið var að halda Sparifatadag á Sólvöllum á Fullveldisdaginn, 1. des. en þá koma starfsmenn og börn í fínni fötum í tilefni dagsins. Þessi dagur heppnaðist vel og verður án efa endurtekin aftur.

Nýjar áherslur voru í samstarfi við Hjúkrunardeild HSA, þá fóru 3-5 ára börn í litlum hópum og heimsóttu vistmenn hjúkrunarheimilsins og unni með þeim skapandi starf. Má þar



nefna að mála og leira saman. Samstarfið þótti vel heppnað en vegna starfsmannaskipta á HSA datt starfið niður um áramót.

Dagskipulag var endurmetið á Vinaminni í byrjun vetrar og lögð áhersla á samfellu í skipulagi dagsins. Breytingin hefur komið vel út og verður dagskipulag hinna deildanna endurmetið fyrir næsta vetur með þarfir barnanna og samræmingu í huga.

Í haust voru hringekja og val þróað á Dvergasteini fyrir 2-3 ára börnin. Hringekjan skiptist í þrjú svæði með mismunandi viðfangsefnum og var börnunum skipt í hópa miðað við það. Þau fara á milli svæðana eftir fyrirframákveðinn tíma. Hringekjan kemur vel út með þessum aldurshóp. Valið var þróað útfrá Valinu sem fyrir er á Vinaminni en börnin þóttu of ung fyrir það skipulag og er í dag boðið upp á mismunandi viðfangsefni sem börnin velja úr með sveiganleika fyrir aldur og þroska hvers og eins. Hringekja verður prófuð næsta vetur á elstu deild.

Bókaormaverkefni á Vinaminni var í mars. Þá koma allir nemendur með eina bók að heiman og hún er lesin í litlum hópum. Markmið verkefnisins er fyrst og fremst að auka áhuga barnanna á bókalestri sem og að styrkja samstarf heimilis og skóla.

Námsefnið Lubbi finnur málbeinið var formlega tekið í notkun, Lubbi finnur málbeinið er málörvunar og hljóðnámsefni fyrir börn á aldrinum 2-7 ára. Kennarar Álfhóls og Dvergasteins, deildir yngri barna héldu reglulegar Lubbastundir en stefnt er að áframhaldandi þróun Lubbastarfins veturinn 2017-2018 á öllum deildum.

Útskriftaferð elstu barnanna var endurmetin í vor og tekin ákvörðun í samráði við foreldra hópsins að hætta að fara í ferðir þar sem gist er yfir nótt. Farið var að morgni með rútu upp í Egilsstaði þar sem farið var í stutta skoðunarferð um bæinn, Vilhjálmsvöllur skoðaður og síðan farið í heimsókn á Leikskólann Tjarnaskóg. Þar hittu börnin jafnaldra sína og kynntust leikskólustarfinu þeirra. Eftir heimsóknina var farið í Selskóg þar sem grillaðar voru pylsur og leikið í nýju leiktkjunum sem eru þar. Um miðjan dag voru samlokur í boði og síðan farið heim. Í Útskriftarferðinni er lagt upp með að börnin kynnist öðruvísi umhverfi en þau eru alin upp í, þ.e. skógi og fá tækifæri til að kynnast öðrum leikskóla og hvernig starfið þar er. Hjalti Bergsson bauð upp á rútuferðina til og frá Egilsstöðum. Útskriftarferðin var vel heppnuð og skemmtileg og er stefnt að halda áfram með svipað fyrirkomulag á Útskriftarferðum.

Útskrift elstu barna leikskóladeildar var endurmetin í vor og ákveðið að halda hana á sama tíma og Sólvallahátíðina 28. júní. Útskriftin heppnaðist vel. Foreldrar, börn og kennarar þeirra hittust við Bláukirkjuna þar sem börnin fluttu frumasamin lög sem unnin voru í tónlistartímum hjá Benedikt, stjórnanda listadeildar. Kennarar barnanna afhentu börnunum útskriftaskírteini, verkefni vetrarins og rós frá leikskóladeildinni. Öll börnin fengu verkefni sín afhent í taupokum sem saumaðir voru í samstarfi við sjálfboðaliða Seyðisfjarðarskóla og verkefnið pokalaus bær.

Sérkennsla

Markmið sérkennslu í leikskólum er að beita snemmtækri íhlutun vegna frávíka í þroska áður en almenn skólaganga hefst. Sérkennari var ráðin í leikskóladeildina í ágúst 2016 í 50% starf. Helstu viðfangsefni sérkennara voru umsjón sérkennslumála, annast frumgreiningu og ráðgjöf til starfsmanna og foreldra. Sérkennari heldur utan um einstaklingsnámskráargerð og fylgir þeim eftir í einstaklings og hóptímum. Starf sérkennara var endurmetið í vor og verður



endurskilgreint eftir því fyrir komandi vetur. Börn sem fá úthlutað sérkennslutímum eru með greiningar eða á leið í greiningu hjá viðurkenndum aðilum.

Níu nemendur voru í sérkennslu hjá sérkennara. Eitt barn er með skilgreindan stuðning hálfan daginn vegna ADHD greiningar. Þegar líða fór á vorið sóttu stjórnendur um aukinn stuðning fyrir Dvergastein og Vinaminni vegna frávika í hegðun. Bæjarstjórn samþykkti beiðnina en illa gekk að manna þær og var málið leyst tímabundið með starfsmönnum úr unglingavinnunni um sumarið.

Aðlögun/innritun, flutningur milli deilda, útskrift elstu barna

Aðlögun barna í leikskólann hefur verið með hefðbundnum hætti þetta skólaárið. Leikskóladeildin tekur við börnum þegar þau hafa náð 12 mánaða aldri. Á Sólvöllum fer fram svokölluð þátttökuaðlögun, en þá eru foreldrarnir með barninu inni á deildinni til að byrja með og getur slík aðlögun tekið allt að tíu virka daga. Þar sem börnin eru að koma inn allt árið eða strax og þau hafa náð 12 mánaða aldri er aðlögun í gangi á yngstu deildinni meira og minna allt árið um kring. Flutningur á milli deilda fer alla jafna fram á vorin og haustin. Vegna mikillar fjölgunar barna eftir áranót voru fjögur börn flutt af Dvergasteini í janúar og síðan þrjú í viðbót úr sama árgang í maí.

Dvöl elstu barnanna lýkur í síðasta lagi við sumarlokun og koma þau ekki í skólann á pokalaus bær.

5.4 Börn

Fjöldi barna - samsetning hópsins


Fjöldi barna eftir kyni og árgöngum er í töflu 1 og 2.

Í október 2016 dvöldust 33 börn í 260,25 dvalarstundum og töldust vera 42,9 barngildi. Í maí 2017 dvöldust 40 börn í 299,25 dvalarstundum og töldust vera 55,7 barngildi.


Flest voru þessi börn með íslensku að móðurmáli en þó voru fimm börn sem áttu íslenskan föður og móður með annað móðurmál en íslensku, eitt barn átti íslenska móður og föður með annað móðurmál og tvö þeirra voru í virku tvítyngi, þ.e. báðir foreldrar með annað móðurmál en íslensku.



Tafla 1. Hlutfall drengja og stúlkna í árgöngum í október 2016



Tafla 2. Hlutfall drengja og stúlkna í árgöngum í maí 2017

*Tilvísanir um greininar*

Niðurstöður úr fimm greiningum hjá Skólaskrifstofu Austurlands bárust á skólaárinu og voru haldnir skilafundir greinaraðila og foreldra vegna þessara greininga og niðurstaðna þeirra. 3 börn náðu viðmiðum sjúkratrygginga um niðurgreiðslu hjá talmeinafræðingi. Í lok skólaársins voru sendar fimm beiðnir fyrir næsta vetur vegna greininga hjá Skólaskrifstofu Austurlands, annars vegar vegna almenns þroska og hins vegar vegna málþroska.



5.5 Starfsmenn

Á starfsárinu urðu allnokkrar breytingar á starfsmannahaldi leikskóladeildarinnar. Nýr skólastjóri sameinaðs leik-, grunn- og tónlistaskóla tók til starfa 1. ág. 2016. Aðstoðarleikskólastjóri tók við sínu starfi á ný en þó í töluvert breyttu hlutverki, þ.e. aðstoðarleikskólastjóri með ábyrgð á daglegri umsjón leikskóladeildar. Í upphafi starfsársins komu þrír starfsmenn til starfa í leikskóladeildina. Sérkennari í 50% starf, leikskólakennari með deildastjórn í 100% starf og síðar um haustið hóf leibeinandi störf í 100% starfi. Einn lét af störfum í byrjun árs. 2017 og annar tók við því starfi í kjölfarið. Tveir létu af störfum í byrjun maí, einn í byrjun júní og sá fjórði í byrjun júlí.

Þrír starfsmenn voru frá um nokkurra vikna skeið vegna langvarandi veikinda í apríl þar til að sumarleyfi. Talsverð undirmönnun var í leikskólanum í maí mánuði en í júní var full mannað með afleysingafólki frá grunnskóladeild og áhugasömum og vönnum ungmennum.

Samstarf

Í byrjun vetrar gengu samskipi innan starfsmannahópsins betur en óhjákvæmilegar starfsmannabreytingar og veruleg fjölgun barna eftir áramót þyngdu allt starfið og höfðu áhrif á samstarf innan deildarinnar. Miklar fjarvistir vegna veikinda voru í starfsmannahópnum allan veturinn en þó voru þær mest íþyngjandi í lok skólaársins. Vegna fjölgunar barna, frávika í hegðun barnanna og álags innan starfsmannahópsins sóttu skólastjórnendur um aukningu á stöðugildum innan leikskóladeildarinnar. Bæjarráð varð við þeirri ósk og sjá stjórnendur og starfsmenn fram á meiri sveiganleika og minna álag innan deildarinnar næsta vetur ef tekst að manna allar stöður.

Yfirlit yfir störf og stöðugildi

Tafla 3. Samanburður á stöðugildum og starfshlutföllum í október og maí.

	Okt.16		Mai 17	
	fjöldi	stg	fjöldi	stg
Uppeldi og stjórnun				
Skólastjóri	1	0	1	0
Aðstoðarleikskólastjóri	1	1	1	1
Deildarstjóri A	2	2	2	2
Leiðbeinandi m. deildarstjórn	1	1	1	1
Leiðbeinendur	5	4,5	6	4
Sérkennari	1	0,5	1	0,5
	11	9,0	11	8,5
<i>Aðrir starfsmenn</i>				
Eldhús	1	0,69	1	1
Ræsting	1	0,37	1	0,37
	2	0,94	2	1,37
	12	9,94	13	9,87



Í október 2016 voru starfsmenn alls 12 í 9,94 stöðugildum en í maí 2017 voru þeir 13 í 9,56 stöðugildum.

Þrír starfsmenn voru fjarverandi vegna langvinnra veikinda um margra vikna skeið vorið 2017.

Fundir

Í leikskóladeildinni eru að jafnaði haldnir deildarstjórafundir vikulega. Þar er starfið skipulagt, metið og unnið að áætlunum og stefnum. Deildarfundir eru haldnir eftir því sem tími, tilefni og tækifæri gefast. Viðfangsefni þeirra er almennt skipulag fyrir hverja og eina deild sem og samráð og handleiðsla starfólks. Starfsfólk er sammála um að deildafundir voru ekki nægilega reglulegir í vetur og erfitt var að finna tækifæri til að halda þá vegna manneklu. Því verður að bæta úr næsta vetur. Starfsmannafundir voru mánaðarlega en þá vann starfsfólk sér inn frídaga síðar. Viðfangsefni starfsmannafunda er að skipuleggja starf leikskóladeildarinnar, fara yfir gögn og kynna, samræma starfsaðferðir og meta starfið. Stöku starfsmannafundir eru teknir fyrir deildafundi sem og endurmenntun starfsmannahópsins. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri hittust að jafnaði tvisvar til þrisvar í viku. Teymisfundir allra stjórnenda Seyðisfjarðarskóla eru vikulegir þar sem starf deildanna er skipulagt og samræmt. Einnig eru fundirar nýttir til endurmenntunar stjórnenda. Fræðslunefndarfundir eru einu sinni í mánuði og mætir skólastjóri á þá, fulltrúi starfsmanna leikskóladeildarinnar og aðstoðarleikskólastjóri við ásamt fræðslunefnd Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Aðstoðarleikskólastjóri situr samráðsfundi með öðrum leikskólastjórum á Austurlandi 2-3 á ári. Sérkennari situr fundi með öðrum sérkennurum á Austurlandi og trúnaðarmaður Félags leikskólakennara sækir trúnaðarmannanámsskeið.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar voru samtals fimm á skólaárinu. Tvisvar var tekinn hálfur dagur en fjórir dagar voru teknir heilir til undirbúnings, mats og símenntunar.

Skipulagsdagarnir voru sem hér segir:

- 8. ágúst, hálfur skipulagsdagur. Starfsmannafundur og undirbúningur opunar.
- 7. okt. *Haustþing leikskóla á Austurlandi.* Starfsmannafundur, skipulagning og undirbúningur vetrarins, starfsfólk leikskóladeildar sótti ekki Haustþing.
- 24. okt. *sameiginlegur skipulagsdagur. Viðfangsefni: Sameining Seyðisfjarðarskóla.*
- 2. jan, hálfur skipulagsdagur. Jólstarf endurmetið og almennur undirbúningur.
- 21. apríl, færður til 2. maí. *Sameiginlegur skipulagsdagur. Viðfangsefni: Sameining Seyðisfjarðarskóla*
- 26. maí, *starfsmannafundir* dreift yfir veturinn, starfsfólk búið að vinna þennan dag af sér.

Endur og símenntunaráætlun

Unnin var starfsþróunaráætlun fyrir Seyðisfjarðarskóla frá 2017 til 2019. Endurmenntun kennara var fjölbreytt í vetur. Má þar nefna Skólapingið, Lestur og læsi á Akureyri, námskeiðið Lubbi finnur málbeinið, Eineltis- og Olweusakynning fyrir starfsfólk leikskóladeildar á vegum Skólaskrifstofu Austurlands og fræðsla og erindi á vegum Seyðisfjarðarskóla fyrir alla starfsmenn skólans. Yfirlit yfir fræðslu og fundi/ráðstefnur veturinn 2016-2017 er að finna í fylgiskjali 2.



5.6 Foreldrasamstarf

Foreldrafundur og foreldrasamtöl

Árlegur kynningarfundur fyrir foreldra var haldinn 15. september 2016. Foreldrahandbók var endurnýjuð í samræmi við sameiningu skólans og töluvert uppfærð síðasta haust.

Deildarstjórar skipuleggja einkaviðtöl þar sem skipst er á upplýsingum um viðkomandi barn. Foreldri/foreldrar geta einnig beðið um viðtal hjá deildastjóra hvenær sem þeir telja þörf á.

Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu

Leikskóladeildin stóð fyrir nokkrum samverustundum foreldra og nemenda við ýmis tækifæri á skólaárinu. Á degi íslenskrar tungu í ár var foreldrum Vinaminnisbarna boðið í útikennslustofuna við Dagmálalæk í kakó og heimabakaðar lummur. Foreldrum var boðið í piparkökubakstur á aðventunni eins og venja hefur verið fyrir. Haldið var foreldrakaffi í lok janúar en áætlað ömmu og afakaffi var frestað vegna manneklu og því miður gafst ekki tími til að halda það síðar eins og áætlað var vegna manneklu.

Fréttabréf og heimasíða

Deildarstjórar sendu reglulega út til foreldra tölvupósta með upplýsingum um starfið á deildunum og helstu viðburði í nánustu framtíð. Fréttir á heimsíðu voru uppfærðar reglulega en ljósmyndir og upplýsingar um starfið eru settar inn á lokaða facebooksíða leikskóladeildarinnar. Eingöngu foreldrar og starfsfólk fær aðgang að þeirri síðu. Næsta vetur tekur Mentor við hlutverkinu.

Foreldrafélag

Foreldrafélag hefur starfað við leikskólann frá 1982. Í stjórn félagsins sitja fjórir foreldrar. Allir foreldrar eru sjálfkrafa í foreldrafélaginu. Þeir borga 300 kr. á mánuði fyrir börn sín óháð fjölda þeirra. Þeir peningar eru notaðir í ferðasjóð, útskriftarferð sem farin er með elstu börnin að vori, fyrirlestra sem fengnir eru á foreldrafundi og sitthvað fleira.

Ný stjórn foreldrafélagsins var kjörin á aðalfundi þess þann 15. september 2016.

Stjórn foreldrafélags Sólvallda:

Haraldur Björn Halldórsson
Örvar Jóhannsson
Sandra Guðmundsdóttir
Zanda Kruze

Anna Guðbjörg Sigmarsdóttir, leiðbeinandi, er tengiliður við leikskóladeildina.

Hefðbundin verkefni foreldrafélagsins voru:

- Aðalfundur foreldrafélagsins haldinn að hausti, að loknum almennum kynningarfundum.
- Vettvangsferð í Norrænu.
- Styrkur til Sólvallda, Hljóðasmiðjurnar Lubbi finnur málbeinið.
- Páskaeggjaleit eftir leikskóla
- Leiksýningin Skoppa og Skríttla í boði foreldrafélagsins.
- Hoppukastali í tilefni af Sólvallahátíð.



- Styrkur til Sólvalla, kerra fyrir sex börn fyrir göngutúr með yngstu börnin.

Foreldraráð

Hlutverk foreldraráðs er skilgreint í lögum um leikskóla nr. 90 frá 2008. Hefur foreldraráðið sett sér starfsreglur. Kosið var til foreldraráðsins á aðalfundi foreldrafélags leikskólans sem fór fram 15. september 2016. Fundað var einu sinni með foreldraráði að hausti. Foreldraráð á fulltrúa í fræðslunefnd kaupstaðarins.

Foreldraráð leikskóladeildar:

Sigríður Rún Tryggvadóttir

Tinna Guðmundsdóttir

Sigurveig Gísladóttir

Tekin var ákvöðrun um að sameina foreldraráð leikskóladeildar og skólaráð grunnskólans næsta vetur undir einu skólaráði Seyðisfjarðarskóla. Þar eiga foreldra nemenda leikskóladeildar fulltrúa sem og starfsfólk.

5.7 Samstarf – ráðgjöf

Samstarf innan Seyðisfjarðarskóla

Markmið með gagnkvæmum heimsóknum grunn- og leikskólábarnanna er að hlúa að tilfinningalegu öryggi barnanna og auðvelda þeim skólaskiptin.

Unnin var áætlun um farsæla skólabyrjun elstu nemenda leikskóladeildar. Í henni komu fram breyttar áherslur í samstarfi milli deilda innan Seyðisfjarðarskóla. Í byrjun vetrar koma nemendur 1. bekkjar með skólatöskuna sína í leikskóladeildina og sýna elstu börnunum þær og segja frá innihaldi þeirra. Fyrsta heimsókn í grunnskóladeildina er til skólastórnenda eins og venjan er, stjórnendur fræða þau um grunnskólastarfið og er þeim sýnt allt húsnæðið þann dag. Í kjölfarið hefjast heimsóknir mánaðalega fram á vor þar sem lögð er áhersla á að nemendur leikskóladeildar kynnist bekkjastofum, verkgreinastofum, bókasafni, íþróttahúsi og leikskvæði grunnskóladeildarinnar. Elstu börn leikskóladeildar tóku þátt í Skólaskemmtun grunnskóladeildarinnar. Haldið er í þá hefð að elstu nemendur leikskóladeildar taka þátt í vordögum grunnskóladeildar. Í lok vetrar er skilafundur þar sem kennara elstu barnanna hitta tilvonandi kennara 1. bekkjar og gefa upplýsingar um greiningargögn og málefni einstakra nemenda með vitneskju foreldra.

Í maí 2017 hóf stjórnandi Listadeildar Seyðisfjarðarskóla reglulega tíma með elstu börnum leikskóladeildarinnar. Árangur þess starfs var fluttur á útskrift elstu barnanna 28. júní og heppnaðist vel. Starfið var endurmetið og unnið varður áfram með aðkomu listadeildar Þrír nemendur ærðu á blokkflautu í vetur og kom kennari frá Listadeildinni í leikskóladeildina tvisvar í viku.

Samstarf við aðra

Leikskóladeildin var í ánægjulegu samstarfi við Skaftfell, miðstöð myndlistar á Austurlandi vegna listasýningarinnar List án landamæra, daga myrkurs á Austurlandi og Ólöfu Björk Bragadóttur, listakonu með listasýninguna Plastfljótið.



Árg. 2011-2013 unnu samvinnuverkefni við vistmenn á Hjúkrunarheimili HSA á Seyðisfirði. Elstu tveir árgangarnir komu á listasýningar á vegum Skaftfells og kynnti fræðslufulltrúi Skaftfells þær fyrir börnunum. Elstu tveir árgangarnir unnu verkefni í samstarfi við L.ung.A skólann á listahátíðinni List í ljósi í feb. 2017.

Sundkennarinn Unnur Óskarsdóttir hélt tveggja vikna námskeið fyrir tvo elstu árg. leikskóladeildarinnar eins og verið hefur síðustu ár. Foreldrar skrá og borga fyrir námskeiðið.

Danskennari kom í Seyðisfjarðarskóla í eina viku að hausti og eina að vori og tóku elstu börn leikskóladeildarinnar þátt í tímunum. Foreldrum og öðrum aðstandendum var boðið á lokasýningu að námskeiði loknu.

Samstarf er við Heilsugæsluna vegna tveggja og hálfes árs skoðana barna annars vegar og fjöggra ára skoðana barna hins vegar. Hjúkrunarfræðingur boðar foreldra með barnið í skoðunina en hún fer fram í sérkennsluherbergi leikskóladeildarinnar. Foreldrar fylla út upplýsingarblað frá Heilsugæslunni vegna þroska barnsins.

Ráðgjöf og samstarf við sérfræðinga

Seyðisfjarðarkaupstaður er með samning við Skólaskrifstofu Austurlands varðandi einstaklingsráðgjöf fyrir börn. Á skólaskrifstofu starfa ráðgjafar leikskóladeildarinnar s.s. sálfræðingur og talmeinafræðingur. Einnig er samstarf við Heilbrigðisstofnun Austurlands vegna samstarfs við Iðjubálfa, því samstarfi lauk reyndar um áramótin 2016-17.

6 Lokaorð

Veturinn 2016 –2017 var annarsamur á leikskóladeild Seyðisfjarðarskóla. Mikil velta í starfsmannahaldi og mannekla setti svip sinn á starfið. Þrátt fyrir það er óhætt að segja að mikil þróun og nýbreytni í skólastarfinu hafi átt sér stað í takti við skólastefnu kaupstaðarins og sameiningu skólanna.

Fræðslunefnd og bæjarstjórn sýndi í verki skilning á leikskólastarfinu með því að auka á stöðugildi innan leikskóladeildar og foreldrafélagið gerði það einnig með margvíslegum stuðningi og hvatningu við skólastarfið. Afar brýnt er að koma á stöðugleika í mönnun deildarinnar svo að hægt sé að byggja upp kröftugt skólastarf í leikskóladeild Seyðisfjarðarskóla.

Nóvember 2017

Ásta Guðrún Birgisdóttir og

Svandís Egilsdóttir

**Fylgiskjal 1 - Dagskipulag
leikskóladeildar 2016-2017.**

Yngsta deild 12 – 24 mánaða börn

ÁLFHÓLL

07:45 Móttaka

08:00 Frjáls leikur inni í vali

08:30 Morgunverður

09:00 Samvera

10:30 Hreinlæti, bleiuskípti

11:00 Hádegisverður

11:30 Svefn

13:00 Frjáls leikur/útvíst

14:30 Síðdegishressing

15:00 Frjáls leikur/útvíst

Miðdeild 24 – 36 mánaða börn

DVERGASTEINN

07:45 Móttaka

08:00 Frjáls leikur inni í vali

08:30 Morgunverður

09:00 Samvera

10:30 Hreinlæti og bleiuskípti

11:00 Hádegisverður

11:30 Svefn

13:00 Frjáls leikur/útvíst

14:30 Síðdegishressing

15:00 Frjáls leikur/útvíst

Elsta deild 3 – 6 ára börn

VINAMINNI

07:45 Móttaka

08:00 Frjáls leikur inni í vali

08:30 Morgunverður

09:00 Samvera

10:30 Hreinlæti og bleiuskípti

11:00 Hádegisverður

11:30 Svefn

13:00 Frjáls leikur/útvíst

14:30 Síðdegishressing

15:00 Frjáls leikur/útvíst

Fylgiskjal 2 - Endurmenntun á skólaárinu 2016-2017

<i>Dags</i>	<i>Símenntun/fræðsla</i>	<i>Stundir</i>	<i>Hvar</i>	<i>Pátttakendur</i>
11. ág.	<i>Pals-ste.</i>	4	Egilsstaði, Skólaskrifstofa Austurlands	Ólafía Þ. Stefánsdóttir
12. sept.	Pals- læsi	4	Egilsstaðir, Skólaskrifstofa Austurlands	Ásta G. Birgisdóttir
30 og 31. Jan.	<i>Einstaklingsnám-skrárge</i>	16	Egilsstaðir, Skólaskrifstofa Austurlands/Greiningar og ráðgjafarstöð ríkisins	Ólafía Þ. Stefánsdóttir
12. janúar	<i>Cat-kassinn</i>	3	Seyðisfjörður	Ólafía Þ. Stefánsdóttir
10. feb.	<i>Lubbi finnur málbeinið - námskeið</i>	5	Egilsstaðir, Skólaskrifstofa Austurlands	Ólafía Þ. Stefánsdóttir og Arna Magnúsdóttir
17. sept.	<i>Skólaþing, Lestur og læsi.</i>	8	Akureyri	Svandís Egilsdóttir, Anna G. Sigmarsdóttir, Helen Hrólfsson
9. júní	<i>Biophilia- námskeið</i>	8	Reyðarfjörður	Bryndís Skúladóttir
22. mars	<i>Eflu-þing á vegum Eflu- verkfræðistofu.</i>	2	Egilsstaðir	Svandís Egilsdóttir og Ásta G. Birgisdóttir
16. feb.	<i>Eineltis- og olweusarkynning Jarþrúður Ólafsdóttir</i>	2	Seyðisfjörður	Allir starfsmenn leikskóladeildarinnar
24. okt.	<i>Starfsdagur-Sameining Seyðisfjarðarskóla.</i>	8	Seyðisfjörður	Allir starfsmenn Seyðisfjarðarskóla
1. maí	<i>Starfsdagur – Sameining Seyðisfjarðarskóla.</i>	8	Seyðisfjörður	Allir starfsmenn
19. sept. og	<i>Samráðsfundur Stjórnenda í leikskólum á Austurlandi – FSL.</i>	6	Norðfjörður Djúpivogur	Ásta G. Birgisdóttir
7. nóv.	<i>FSL – Fræðsludagur.</i>	6	Egilsstaðir	Svandís Egilsdóttir
25. jan.	<i>Kynning á Skólabókasafni Grunnskóla Reyðarfjarðar</i>	4	Reyðarfjörður	Svandís Egilsdóttir og Ásta G. Birgisdóttir
3. feb.	<i>Trúnaðarmanna- námskeið FL.</i>	6	Egilsstaðir	Ólafía Þ. Stefánsdóttir
30. maí	<i>Fundur sérkennara á Austurlandi.</i>	4	Fellabær	Ólafía Þ. Stefánsdóttir
22. mars	<i>Fundur vegna stefnumótunar agastefnu Seyðisfjarðarskóla.</i>	4	Reyðarfjörður	Bryndís Skúladóttir